

Ed.

28. Frumvarp til laga

[28. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Magnús Kjartansson, Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum. Undanþegnir eru þó iðnnemar, sbr. 16. gr. laga nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert hálfan annan dag — einn og hálfan dag — fyrir hvern unninn almanaksmánuð á orlofsárinu, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt til að fá greitt sem orlofsfé $6\frac{1}{2}\%$ — sex og hálfan af hundraði — af kaupum því, sem hann hefur borið úr bótum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan. Nú hefur maður unnið eftirvinnu, nætur- eða helgidagavinnu, og greiðist þá orlofsfé aðeins af þeirri upphæð, sem greidd hefði verið fyrir þá vinnu, ef það hefði verið dagvinna. Þó skulu farmenn fá greitt orlofsfé af eftirvinnukaupi eins og það er á hverjum tíma. Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsrétthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti sem úthorgun vinnulauna fer fram. Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í fastri stöðu. Þegar þeir fara í orlof og hafa unnið hjá sama vinnuveitanda samfleytt næsta orlofsár á undan, halda þeir kaup sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag áður en orlof hefst. Nú fer maður úr fastri stöðu, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupum því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári. — Starfsmaður, sem er í fastri stöðu, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu. Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabúi vinnuveitenda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b. 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 frá 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á þinginu 1948—49 af tveim þingmönnum sósíalista, Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni, en náði þá ekki fram að ganga. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Sú hraðfara þróun fram á við í félagsmálum, sem orðið hefur hér á landi síðustu árin, á að verulegu leyti rót sína að rekja til frændþjóða vorra á Norðurlöndum. Skyldleiki okkar við þessar þjóðir og nán snerting ásamt líkum aðstæðum í mörgu hafa orðið þess valdandi, að framfarir á Norðurlöndum hafa haft sin áhrif hér, enda er það svo, að fyrirmyndir að flestum þeim lögum um félagsleg málefni,

er sett hafa verið hér á landi, eru einmitt sótt þangað, og fer vel á því og hefur orðið oss til blessunar, þar sem menning og félagsleg samhyggja á Norðurlöndum er komin á það stig, er fremst má teljast.

Orlofslögin eru ein af mörgum lögum, sem eiga sína fyrirmynd í þeim löggjöfum, sem í gildi voru hjá hinum norrænu frændum vorum, þá er þau voru samþykkt, en frá þeim tíma, 1943, hefur orðið mikil og margs háttar breyting, því að þróunin hefur haldið áfram, en ekki staðnæmzt, og er nú svo komið, að í Noregi voru 14. nóv. 1947 samþykkt orlofslög, sem gefa launþegum rétt á þriggja vikna sumarleyfi og greiðslu á orlofsfé til launþega, er nemur $6\frac{1}{2}\%$ af kaupum þeirra.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeim breytingum á orlofslögunum, sem í samræmi eru við hina norsku orlofslöggjöf. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að sumarleyfi þeirra, er undir lögum koma, verði lengt um eina viku, eða úr tveim vikum í þrjár, og í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að orlofsfé, sem nú er 4%, hækki upp í $6\frac{1}{2}\%$ sem afleiðing af lengdu sumarleyfi.

Þá eru og lagðar til aðrar breytingar, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru, til þess að orlofslögin nái jafnt til allra launþega, og er þá átt við hlutar-sjómenn, og afdómenn sá óréttur, sem þeir hafa orðið að búa við, og það tryggt, að allir sjómenn hafi ótvíræðan rétt til orlofs að öllu leyti á kostnað útgerðar-manns og þar með njóti réttar til móts við aðrar launastéttir að því er snertir skil-yrði til hvíldar og hressingar.

Einnig er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu, að fyrningartími krafna um orlof sé sá sami og fyrningartími kaupkrafna, þar eð allt mælir með, að kröfur, sem í eðli sínu eru jafnskyldar og tengdar hvor annarri, fylgist að.

Síðan þetta frumvarp var flutt síðast, mun þriggja vikna orlof hafa komið á í öllum skandinavísku löndunum, t. d. fengu dönsku alþýðusamtökin þessu rétt-indamáli framgengt með heildarsamningum s. l. vetur. Innan alþýðusamtakanna hér er alger eining um að bera þetta mál fram til sigurs, og það var ein helzta krafa sam-takanna 1. maí s. l. Það er engum efa bundið, að gegn þessu máli verður ekki staðið, en auðvitað er það hugsmunamál þjóðarinnar, að ekki komi til vinnustöðvana og kostnaðarsamra átaka út af þessu máli, en á því er augljós hættu, ef þetta frumvarp nær ekki fram að ganga á þessu þingi.